

## Reglur vegna framkvæmdastyrkja til Íþróttá- og tómstundafélaga í Borgarbyggð

**1.gr.** Styrkirnir bera heitið Styrkir vegna Framkvæmda íþróttá og tómstundamála og er heimili og varnarþing þeirra í ráðhúsi Borgarbyggðar.

**2.gr.** Tilgangur þeirra er að styrkja við einstakar framkvæmdir hjá íþróttá- og tómstundafélögum innan Borgarbyggðar til uppbyggingar eða viðhalds á fasteignum eða athafnasvæði félagsins sem Borgarbyggð kemur ekki að rekstri að öðru leyti og er í eigu félaga eða félagasamtaka innan Borgarbyggðar.

**3. gr.** Framlög eru ákveðin á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert.

**4.gr** Byggðaráð fer með úthlutun að fenginni umsögn fjölskyldusviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

**5.gr** Umsóknum skal skilað inn á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á íbúagátt á heimasíðu Borgarbyggðar.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. maí ár hvert og úthlutun fara fram ekki síðar en 30. maí sama ár.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að um íþróttá-, ungmenna- eða tómstundafélag innan Borgarbyggðar sé að ræða. Umsóknaraðili þarf að reka sértæka aðstöðu eða húsnæði innan sveitarfélagsins sem sveitarfélagið Borgarbyggð hvorki á eða rekur og leggur ekki til framkvæmdarfé á fjárhagsáætlun.

Umsókninni þarf að fylgja framkvæmdar- og kostnaðaráætlun. Einnig þarf að koma skýrt fram hvert er markmið framkvæmdarinnar.

**6. gr** Styrkurinn skal auglýstur á heimasíðu sveitafélagsins og í að minnsta kosti einum miðli sem fer inn á öll heimili sveitarfélagsins.

**7. gr** Styrkurinn greiðist í tvennu lagi, 50% við tilkynningu um styrkveitingu og 50% þegar lokaskýrsla hefur borist byggðarráði. Verði verkið ekki framkvæmt skal styrkurinn endurgreiðast að fullu. Vinnist verkið ekki eins og fram kom í upphaflegri styrkbeiðni verður að koma skýrt fram í lokaskýrslu hversvegna svo er ekki og rökstuðningur að fylgja.

**8. gr** Hámarksstyrkur er kr. 2.000.000 og getur hvert verkefni að hámarki verið stutt 3 ár í senn. Sjálboðavinna er metin að fullu sem vinna.

**9. gr** Hægt er að sækja um styrki til verkefna sem eru nú þegar í gangi eða eru áformuð. Ekki er úthlutað vegna verkefna þar sem framkvæmdum er lokið.

**10. gr** Við úthlutun á styrk skal eftirfarandi reglum fylgt til að fá úr því skorið hvort framkvæmdin teljist styrkhæf.

- Að um sé að ræða skilgreint íþróttá og/eða tómstundafélag sem standi fyrir framkvæmdinni.
- Að félagið eigi lögheimili í Borgarbyggð og sé opið öllum.
- Að framkvæmdin bæti aðstöðu og/eða auki möguleika á að fjölga iðkendum í viðkomandi félagi.

- Að félagið hafi fjárhagslega eða félagslegan styrk til að standa að framkvæmdum og rekstri þess sem á að framkvæma enda komi það fram í áætlun sem fylgi með umsókn.
- Að starfsemin falli vel að markmiðum sveitarfélagsins um íþróttir og tómstundir sem birtast í stefnum þess. Þar má nefna bæði Íþróttta og tómstundastefnu og Heilsueflandi samfélag.

*Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 11. apríl 2019*